



Stjórnarfundur í Pyt, haldinn 16. janúar 2019.

Mættir: Gunnar Geir Halldórsson, Árni Geir Þórmarsson, Karítas Guðmundsdóttir, Gunnar Freyr Gunnarsson og Árni Þór Hilmarsson.

1. Gunnar Geir greindi frá fundi með hafnarstjóra þar sem fram hafi komið annars vegar að framkvæmdum á rampi þyrfti að fresta vegna skipulagsmála og hins vegar að stækkun flotbryggju klúbbsins gæti hafist bráðlega.
2. Gunnar Geir greindi einnig frá fundi með Geir Bjarnasyni vegna endurnýjunar bátakosts og búnaðar. Á þeim fundi kom fram að bærinn mun greiða fyrir kaup á þremur Optimist bátum á árinu 2019 og að haldið verði áfram með uppfyllingu endurnýjunarsamningsins.
3. Rædd öryggismál og þá sérstaklega vesta- og hjálmamál. Ljóst er að kaupa þarf tvær stærðir af hjálmum, 60 stykki af hvorri stærð. Einnig þarf að kaupa flotvesti í sex stærðum; 30 vesti í hverri af þremur minnstu stærðunum, fimmtán vesti af stærðinni 60-70 kg, 10 vesti af stærðinni large og fimm í stærðinni extra large. Eftir talsverðar umræður var samþykkt að kaupa vestin og kaupa svo hjálma eftir því sem lausafé endist.
4. Gunnar Geir lagði fram rekstraráætlun 2019. Áætlunin var samþykkt með fyrirvara um afgreiðslu íþróttafulltrúa.
5. Gunnar Geir greindi frá fyrirhuguðum framkvæmdum sem Fasteignafélag Hafnarfjarðar mun sjá um við klúbbhúsið.
6. Rædd ítrekuð tilfelli þar sem gengið er fram hjá stjórn félagsins þegar einstaklingar innan félagsins ákveða að standa fyrir viðburðum í nafni Pyts og nota við það húsakost Pyts, báta eða annan búnað í eigu klúbbsins. Stjórnarmenn eru sammála um að ráða þarf bót á þessum málum.
7. Rædd mönnun sumarstarfssins.
8. Ákveðið að stefna að aðalfundi Pyts 10 febrúar nk.
9. Gunnar Geir greindi frá framgangi framkvæmda við kænugeymslu í porti.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Fundinn ritaði Árni Hilmarsson

Gunnar Geir Halldórsson formaður

Siglingaklúbburinn Pytur stofnaður 19. apríl 1975